



Heimilislæknaþingið 2018 í Borgarnesi 5.-6. október

Heimilislæknaþing Félags íslenskra heimilislækna verður haldið á Hótel B-59 í Borgarnesi 5. og 6. október 2018.

Eins og á fyrri þingum verða kynntar rannsóknir, rannsóknaráætlanir og þróunarverkefni í erindum og á veggspjöldum.

Útdráttum (sjá leiðbeiningar) skal skila til Emils L. Sigurðssonar á emilsig@hi.is og er skilafrestur til 26. ágúst næstkomandi.

Ágripin verða birt í sérstöku riti þingsins.

- Útdráttur á rannsókn skal rúmast á einu A4-blaði með hefðbundnum spássíum og hægri jöfnun. Texti getur að jafnaði verið um 300-350 orð.
- Letur: Times New Roman.
- Leturstærð 16 í fyrirsögn og 14 í megintexta.
- Nota skal lágstafi í fyrirsögn.
- Á eftir fyrirsögn koma nöfn höfunda.
- Undirstrikið nafn flytjanda/aðalhöfundar ásamt vinnustað hans og tölvupóstfangi.
- Ef um hefðbundna meginlegra rannsókn er að ræða skal megintexta skipt í: Bakgrunnur; Tilgangur; Efniviður og aðferðir; Niðurstöður og Ályktanir. Framsetning eigindlegra rannsókna getur verið frjálsgri, en kaflaskipti æskileg. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir heimildalista í útdrætti.

Þinginu lýkur með aðalfundi Félags íslenskra heimilislækna laugardaginn 6. október. Nánari dagskrá verður send í tölvupósti til félagsmanna þegar nær dregur.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar,
Emil L. Sigurðsson